

Innsendandi Sæunn Þóra Þórarinsdóttir, Lágafelli - 861 Hvolsvelli -

Tek undir umsögn Hagsmunasamtaka stóðbænda (áður félag Í-ess bænda) - Heilshugar!!!

Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir starfandi bændur í grein Blóðmerabænda, um að frumvarpið verði fellt niður og dæmt ógilt af efnisforsendu, en bann við Blóðmerahaldi -

á ekki við lagastoð að styðja í dýraverndarlögum 55/2013 - séu þau rýnd - því í þeim segir í 6.gr. almennt um meðferð dýra orðrétt í greininni stendur að Skylt sé að fara vel með dýr og ber umráðamaður ábyrgð á að annast sé um þau í samræmi við lög þessi. Ill meðferð dýra er óheimil.

Í II.Kafla sömu laga segir ennfremur - að 4.gr. Ráðherra fari með yfirstjórn mála er varða dýravelferð en að framkvæmd stjórnsýslunnar sé að öðru leyti í höndum í höndum

Matvælastofnunnar - sem hefur eftirlit með að ákvæðum dýraverndarlaganna sé framfylgt.

Bændur, almennt í öllu landinu sama hvaða búgrein þeir stunda, lúta undir Matvælastofnun og þeirra eftirliti, bændur sjálfir eru með ákveðið eftirlit til að tryggja að hver sú framleiðslueining á býlinu, sem framleidd er skili sem mestri innkomu inn á býlið, og til að ná sem mestri framleiðni í rekstri býlis hvers bónda, borgar sig að vanda vel til verka því að hamingjusamir og heilbrigðir gripir framleiða að lokum vöru sem að skilar meiri tekjum til rekstursins og að mínu viti ekkert vit að reka blóðmerabúskap, með öðrum hætti en aðrar búgreinar í landinu - enda vanda flestir bændur sig mjög við blóðtökurnar og merarnar á bæjunum haldnar með það að markmiði að þær skili góðri framleiðslu í blóði og kjöti (en flest folöld undan blóðmerum enda í sláturhúsi og á borðum landsmanna svo það sé hreinskilið sagt frá því/en svo er líka með flest lömb og kálfa og naut og grísi og hænsn; bændur eru bændur af því þeir eru að framleiða afurðir sem nýtast mönnum á einn eða annan hátt, eða dýrum með það að markmiði að fá innkomu af starfsemi sinni og tryggja mataröryggi í heiminum eða betri lífsgæði fyrir dýr og menn).

Afurðastöðvar er bændur eiga viðskipti við um framleiðslu sína hafa að auki innra eftirlit og flokka lömb, kálfa, kýr, svín; alla framleiðslu, í flokka eftir gæðum framleiðslunar og það á einnig við um blóðmerar og blóðið sem úr þeim rennur.

Rangt hefur verið haldið fram í fjölmiðlum að þessi starfsemi, sé stunduð allt árið um kring, merarnar látnar fyljast og folöldin sett úr þeim, til að þær fyljist aftur; það er tilbúningur og á ekki við um Blóðmerahald á Íslandi; Hér hefst á mínu býli - undirbúningur fyrir blóðtímabilið með því að valdir eru til hestar sem þykja líklegir til framræktunar en Lágafell, er auk þess að vera með Blóðmerahald, í framleiðslu á eðal reiðhestum - og folöld sett á í samræmi við hvert stefnt er til framtíðar með hrossin. Þegar stóðhestar hafa verið valdir (yfirleit fyrir lok febrúar ár hvert) er búið til "skipulag" um þörun eftir mögulegri framtíð - komandi fyls - ef úr verður að þörun gefi það að meri fyljist eftir stóðhestinn. Í byrjun maí og til byrjunar júní fæðast ÖLL folöld á bænum og þá þegar hafa merarnar verið sorteraðar í hólf, þar sem að svo hittir þær graðhestur í lok maí til fyrstu viku í júní, allt eftir eðli þess hvernig skila skuli folaldi - 11 mánuðum síðar og blóði í blóðsöfnun, í lok júlí / byrjun ágúst - sama ár. Blóðtímabil hefst á sýnatöku, ENGIN MERI fer í gegnum blóðtöku nema með staðfestingu á blóðgildum og vægi hormóna í blóði. Merar sem eftir sýnatöku og sýna nægilegt hormónamagn, fara til blóðtöku.

Merar sem eftir sýnatöku, og sýna ekki hormón halda áfram í sýnatöku. Blóðtaka úr hverjum grip tekur með öllu innan við 10 mínútur og við blóðbás stendur sá eða sú sem ráðin hefur verið til að gæta að merum í þeim bás (aðili á hvern bás sem mýlir mernarnar og gerir klárar til blóðtöku, sem að dýralæknir framkvæmir eftir staðdeygingu). Svári meri ekki - er tekið sýni, og sent á rannsóknarstofu og blóðið sem tekið er í brúsana, er sent þangað líka til að fylgjast með viku til viku, hver gildin eru í því blóði sem berst. Falli gildi í blóði sem sent er í afurðastöð, hættir merin að gefa blóð og er komin í frí og gefur ekki blóð aftur fyrr en ári síðar - meri sem tekið er sýni úr - gefur ekki blóð fyrr en það mælist í henni nægt hormón til að safna, sé það ekki til staðar - kemur hún ekki til blóðtöku það árið - og yfirleitt á mínum bæ - ef slíkt gerist með sömu meri 3 x (3 ár í röð) reiknast ef eigninni tap og henni er lógað í sláturhúsi.

Af og frá er að meri geti átt folöld 2 sinnum á ári nema þær eigi vegna betri umhirðu og það hefur gerst hér á bæ síðan við tókum við 2001 - 5 x - að tvö folöld fæðist - tvíburar úr sömu meri. Merar ganga á 21 daga fresti (14 dagar í bestafalli, þá sýna þær vilja til að fylgjast og ganga þar til fyljaðar en ganga svo með fylki í næstum 11 mánuði, eftir árferði og kasta; folöldum sem ganga með þeim - þegar næst er parað við og er ekki óeðlilegt en slíkt er gert með kýr og kindur og svín og fleiri gripi er bændur halda, enda er það starf bænda að halda dýr með þeim hætti að það gefi þeim afurðir og framleiðslu sem að fellur í afurðarstöð í betri flokka og skili sem mestum tekjum inn á býlið - til að bóndin geti rekið það og fjölskyldu sína - og lifað af sínum búskap. Það heitir að vera bóndi og stunda landbúnað. -

Merar sem gefa vel, og gefa merfolöld halda sínum merfolöldum eftir tímabilið og stofnin verður með hverju tímabili sterkari um þá einstaklinga sem valdir eru til ásetnings, - vegna þess að mæðurnar (merarnar) teljast góðar blóðmerar - og eins og í öllum öðrum búgreinum - ætlast bændur til að fá betrunga af framrækt sinna dýra á býlinu - hvert sem dýrið er og samkvæmt dýravelferðarlögum 55/2013 - II.kafli - 5.gr. Fagráð um velferð dýra - skal vera fagfólk á sem flestum eftirtalinnna fagsviða: dýralækninga, dýrafræði, dýraatferlisfræði, dýravelferðar, dýratilrauna, bújárfræði og siðfræði, og b. liður segir; b. að fagráðið veiti Matvælastofnun umsögn um umsóknir vegna dýratilrauna, - sem að ALLIR BLÓÐBÆNDUR þurfa að sækja um leyfi fyrir - og eru þar með undir Fagráði og Matvælastofnun og þeirra eftirliti og áliti með alla sína starfsemi en borið hefur á þeim misskilningi að það sé ekkert eftirlit með starfi blóðbænda, þeir séu "villimenn" sem semji bara við afurðarfyrirtæki - hér Ísteka - án nokkurra leyfa til sinna verka og séu þar með að brjóta dýraverndunarlög.

Bændur búa í þessari grein sem öðrum greinum landbúnað, við mikið eftirlit. Þeir þurfa að gefa upp allavega upplýsingar, um marga þætti síns reksturs og halda nákvæmar skráningar um hvert það atriði í rekstri sínum sem að leiðir að lokum til afurðar; skráning er á notkun á skít, áburðargjöf, heyfeng, fjöldi gripa á bæ í eigu bónda, sölu og innkomu af hvers kyns framleiðslu, - og blóðmerabændur eru að auki með samninga um eftirlit vegna sérstakrar dýravelferðar vegna tilraunabúskapar (en Blóðmerabændur eru skráðir hjá MAST með leyfi til sinna starfsemi hjá Tilraunadýranefnd og undir tilraunadýraeldi). -

Allt þetta þykir mér gleymast í umræðunni og langar að komi skýrt fram að hingað koma eftirlitsaðilar, alltaf með eftirlit - á hverju hausti en að auki getur enginn bóndi án dýralækna tekið blóð - enda eru þar samningar um að dýralæknar mæti og taki blóðið og við blóðtökuna eru merarnar staðdeyfðar á stungustað og reynt að standa við þær og róa, og tryggja þær í bás og með yfirböndum og mýlingu svo þær séu í sem minnstri hættu af því að rífa nálar úr stungustað eða fara sér að voða með öðrum hætti, en við vitum öll að þetta eru stór og sterk dýr og ef þau fara af stað er fátt sem stoppar þau í að rífa sig lausa af mönnum, nema ef búnaðurinn til að tryggja öryggi þeirra er rétt staðsettur og tryggður af færu starfsfólki og samtaka mætti þess í allri samvinnu við blóðtökuna.

Það ríkir mikill misskilningur að merarnar, séu trylltar og villtar, sem tilheyra blóðstöði - hér á bæ eru þær eiginlega of uppþrengjandi og þær eru haldnar með þeim hætti að við getum gengið að þeim vísam í högunum - með brauði og flestar þyggja klapp að launum fyrir að tala við okkur mætt í eftirlit í stóðinu. Merarnar eru með folöldin undir eins lengi og hægt er og hagi og vetur leyfir en annars fara folöldin í aðhald og þaðan í tryppastóðið í uppeldi og þau alast upp við það að fólk kemur og skoðar í stóðið - enda seljum við mikið af hrossum og þau verða þegar kemur að því við 4vetra aldur - þannig að þau standa á hælunum á manni og tám, í leit að klóri og klappi, þiggja brauð og eru flest sem tamin eru afskaplega róleg í tamningu undir hnakk en það er svo tamið í blóðbás líka og þar rekast nýjar merar með gömlum og vönum og þær fá sína tamningu í fylgd með stóðinu - læra umganginn og eru mýldar við sýnatöku og yfir þær girt með "axlarböndum" allt til að menn og skepnur, verði sem minnst vör við það að á lokum er stungið og sótt blóð - merar sem nýjar eru inn gefa aldrei fullan skammt af blóði - og við reynum hvað við getum að tryggja að hver blóðtaka taki fljótt og vel af. Merarnar eru margar búnar að reisa haus og tilbúnar að selja blóð þegar að settar í básinn, jafnvel þó að þær séu aðeins komnar til að taka úr þeim sýni og segir mér sem sérlegum áhugamanni um Natural horsemanship og velunnara íslenska hestsins að það sé KENNT og lært atferli / þær temjast til þeirra hluta sem að þeim er ætlað og læra það sem að umgengi við mannfólkið býður þeim. - Þær fara út eftir hverja blóðtöku, þær sem gefa blóð og já, velta sér - og hrista en það gera líka hross sem hafa verið undir hnakk eftir útreiðartúra og kettir sem mannfólkið klappar, sleikja sig - og hundar hrista - þetta er náttúrulegt viðbragð dýra að laga sig til eftir að þau hafa komist í hvers kyns "vinnu" sem að er úr þeirra karakter og við vitum það sjálf að mannfólkið sem að vinnur langan vinnudag, svitnar og skítir sig út - baðar sig að lokum dag.

Hreinlæti er eins og innbyggt varnarmekanismi í öllum dýrum og snýr líklega frekar að heilbrigði og vellíðan en því að hross velti sér af vanlíðan af því að gefa blóð eins og haldið er fram í myndbandi þeirra ágætu dýraverndarsamtaka er birtu margumtalað Blóðmeramyndband 23.11.22 (ekki satt?) og er tilefni að rökræðum um Blóðmerarhald og starfsemina sem Blóðmerarbændur lifa við og það sem verður að taka til greina við þessa umferð umræðunnar á Þingi og í nefnd um þessi mál - tekjurnar sem af þessu hlýst fyrir þjóðarbúið, bændur og ísteka - sem og annað starfsfólk sem ráðið er til að gæta að merum, hjálpa bændum og dýralæknum og er í eftirliti með greininni. -

Þetta er EKKI lítil grein í landbúnaði, tekjuöflun á við alla líf og keppnishesta sölu las ég, í grein sem birtist í Bændablaðinu í sumar 2022 - og kemur fram í skýrslu starfshóps um blóðtöku úr fylfullum hryssum (frá Maí 2022). - Blóðmerarbændur sem störfuðu við greinina í sumar, tóku þátt í blóðtöku - með auknu eftirliti, sumir létu merar í té, til rannsóknarvinnu á blóðverki í sínum gripum til samanburðar við merar sem ekki gáfu blóð og greinin öll vonar að starfshópur Landbúnaðarráðherra Svandísar sem skilaði áður nefndri skýrslu um blóðmerabúskap hérlandis, haldi áfram að ræða innihald skrifa sinna og samantektar í skýrslunni sem er fyrir okkur sem störfum í greininni - mikill stuðningur. Skýrslan er að mínu viti sem bóndi, afburðar vel saman tekin og lýsir því sem fram fer í okkar starfi með miklum ágætum. - LESIÐ HANA!!!

Ég, hvet Alþingi og þingheim allan - Svandísi Svavars sem starfar fyrir Landbúnaðinn nú sem ráðherra og hennar fólk og þessa ágætu nefnd Svandísarnefndina, sem kölluð er af blóðbændur til að tryggja að hér verði sagt NEI STOPP á að Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi) // sjá Þingskjal 53 - 53. mál. 153.löggjafarþing 2022-2023.

Kær Kveðja Sæunn Lágafelli

16.11.22 - Lágafelli Austur Landeyju